

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 25.10.2022
Tilvísun: 20221001592

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um gjaldprotaskipti o.fl. (kennitölulflakk), þskj. 280 – 277. mál

Ríkisskattstjóra móttók þann 11. október tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn var kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál og eru af því tilefni settar fram eftirfarandi ábendingar.

I.

Gert er ráð fyrir því að á eftir XXV kafla laganna komi nýr kafli, XXVI; **Atvinnurekstrarbann**. Ástæða er til að benda á að kaflaheiti þetta hefur í raun mun þrengra inntak en heitið gefur til kynna.

Má þessu til skýringar einnig vísa til 3. mgr. b. liðar (181. gr.) þar sem segir: „Við mat á því hvort úrskurða skuli einstakling í atvinnurekstrarbann [...]“. Við fyrstu sýn virðist mega leggja þann skilning í hugtakið að verið sé að leggja grunn að því að banna einstaklingi að stunda sjálfstæða starfsemi. Tilvísunin til 1. mgr. 180. gr. afmarkar reyndar hvað nákvæmleg er átt við. Þannig er ekki verið að setja hömlur á það að stunda atvinnurekstur í víðustu merkingu hvort heldur um einstaklinga eða lögaðila er að ræða, heldur er verið að útiloka tiltekna einstaklinga á grundvelli forsögu sinnar frá því að koma að eða taka þátt í stjórn félags, fara með prókúru eða annað umboð félags, þar sem eigendur bera takmarkaða ábyrgð.

Spurning er hvort svohljóðandi kaflaheiti væri meira lýsandi; **Bann við aðkomu að stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð (atvinnurekstrarbann)**, þannig að inntakið sé afmarkað strax í upphafi, þótt síðar sé notast við styttra og þjálla hugtak.

Tekið er fram að bannið taki einnig til einstaklings hafi hann borið takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum samlagshlutafélags. Vert er að benda á að hið sama ætti að gilda um þann eiganda samlagsfélags sem ber takmarkaða ábyrgð.

II.

Komi sá að stjórnun félags sem úrskurðaður hefur verið í atvinnurekstrarbann ber hann persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins fari það í prot á þeim tíma sem bannið varir eða eftir atvikum á næsta ári eftir lok þess, sbr. 1. og 3. mgr. k liðar (190. gr.). Væntanlega er hér átt við skuggastjórnendur, enda ætti atvinnurekstrarbann að standa því í vegi að viðkomandi einstaklingur verði skráður sem stjórnandi, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi hjá fyrirtækjaskrá. Athugandi er, hvort ekki sé ástæða til þess að taka upp í lagatextann sjálfan í dæmaskyni, til hvaða starfa eða hlutverka er verið að vísa, þ.e. „*komið hefur að stjórnun*“ með beinum eða óbeinum hætti s.s. skráðra stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, prókúruhafa, skuggastjórnenda og annarra sem ráðandi eru um meginstarfsemi og stefnu félags.

Rétt er að benda á að með lagabreytingum þessum er ekki verið að meina einstaklingum að eiga eða stofna félag, en eðli máls samkvæmt verður að gera ráð fyrir að við þær aðstæður reyni helst á ítök í stjórnun félags þrátt fyrir atvinnurekstrarbann og því mikilvægt að kveða á um að viðkomandi verði gert að sýna fram á að hann hafi ekki hlutast til um stjórnun félagsins fari það í prot.

III.

Í j-lið (189. gr.) er mælt svo fyrir um í tilefni þess að kveðinn hafi verið upp úrskurður um atvinnurekstrarbann að þá skuli viðkomandi dómstóll senda staðfest afrit hans til Skattsins. Þá er tekið fram að Skatturinn haldi skrá um þá einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið í atvinnurekstrarbann. Að endingu er ráðherra falið að setja reglur um hvað upplýsingar skuli færðar í skrána og hvernig upplýsingar skuli veittar.

Tilefni er til að víkja að því að heppilegra kann að vera að tilgreina nákvæmar undir hvaða formerkjum ríkisskattstjóra er ætlað að veita viðtöku upplýsingum um þá sem settir hafa verið í atvinnurekstrarbann. En tilvísun til Skattsins er nokkuð víðtæk, en um það hugtak segir svo í 2. mgr. 85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:


„Ríkisskattstjóri stýrir stofnun sem nefnist Skatturinn sem annast þau verkefni sem honum er falið að sinna lögum samkvæmt.“ Skýring við þetta ákvæði í frumvarpinu er svohljóðandi: *„Lagt er til að sú stofnun sem ríkisskattstjóri stýrir nefnist Skatturinn og er hún honum til aðstoðar við þau verkefni sem honum er falið að sinna lögum samkvæmt og er það í samræmi við meginefni frumvarpsins að tollafgreiðsla og tollgæsla, sem tollstjóri annast nú, verði færð til ríkisskattstjóra.“*

Að framansögðu virtu þykir ástæða til að ætla að umrætt skráarhald heyri fremur undir fyrirtækjaskrá, sem ríkisskattstjóra er falið að halda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, en að fella þetta skráarhald ótilgreint meðal þeirra verkefna sem varða álagningu og innheimtu skatta, gjalda og tolla. Jafnframt þykir ástæða til að benda á að á skráarhaldara hvílir almenn eftirlitsskylda með skráðum aðilum, en ekki liggur fyrir, hvaða hlutverki ríkisskattstjóra er annars ætlað að gæta í tengslum við skrá yfir atvinnurekstrarbann, umfram það sem segir að kveða skuli á um í reglugerð. Rétt þykir ennfremur að benda á að æskilegt þykir að fram komi í lagatexta, hvort skrá þessi skuli opin almenningi og þá með hvaða hætti m.t.t. ákvæða laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar sem ákvörðun um slíkt verður vart byggt á reglugerðarákvæði einu saman. Má í þessu sambandi benda á 8. gr. laga nr. 17/2003 um aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá, 7. gr. laga nr.

82/2019, um skráningu raunverulegra eigenda, 4. mgr. 109. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, 121. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og 147. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Ágreiningsefni um aðgengi almennings að upplýsingum úr skráum þessum hafa komið til kasta Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og Persónuverndar. Telja verður að varnaðaráhrifin verði virkari sé skráin opin almenningi.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Ragnheiður Björnsdóttir